

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/1020
komudagur 10.1.2008

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

9. janúar 2008.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um stækkun friðlandsins í Þjórsárverum

Vísað er í bréf til Þjórsárveranefndar frá Umhverfisnefnd Alþingis, dags. 10. desember 2007, þar sem óskað er eftir umsögn nefndarinnar um þingsályktunartillögu um friðlandið í Þjórsárverum og verndun Þjórsár, 48. mál. Í þingsályktunartillögunni er lagt til að Alþingi álykti að fela ríkisstjórninni að sjá til þess að fallið verði frá áformum um Norðlingaölduveitu í Þjórsárverum og frekari virkjunum í Þjórsá en orðið er. Jafnframt verði tryggð verndun Þjórsárvera í heild sinni með stækkun friðlandsins þannig að það nái til náttúrulegra marka veranna ásamt með Þjórsá og nærliggjandi svæðum að Sultartangalóni. Stækkað Þjórsárverafriðland verði sem fyrst tilnefnt á heimsminjaskrá UNESCO. Undirbúningur málsins miðist við hægt verði að auglýsa hin nýju friðlandsmörk í ársbyrjun 2008.

Þjórsárveranefnd er ráðgjafanefnd um málefni friðlandsins í Þjórsárverum. Nefndin tekur ekki afstöðu til þeirra hluta framangreindrar þingsályktunartillögu sem tengist ekki friðlandinu. Nefndin styður þann hluta tillögunnar sem lýtur að því að tryggja verndun Þjórsárvera í heild sinni með stækkun friðlandsins og að fallið verði frá áformum um veitu- og virkjanaframkvæmdir innan þess. Einnig styður nefndin að Þjórsárverafriðland verði sem fyrst tilnefnt á heimsminjaskrá UNESCO.

Nefndin vill minna á að veita þarf fé til friðlandsins svo hægt sé að sjá almennilega um vernd þess og taka á móti ferðafólki.

F.h. Þjórsárveranefndar



Gísli Már Gíslason

Samrit: Umhverfisstofnun